

**Íslensk matorka ehf**

**Vöktunaráætlun helstu umhverfispáttanna**

**Neyðaráætlun vegna óvæntar stöðvunar á rekstri**

**Janúar 2015**

## Vöktunaráætlun helstu umhverfisþátta

Sbr. gr. 5.1 reglugerðar nr. 798/1999 skal rekstraraðili vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni frárennslis frá eldisstöðinni í Fellsmúla sem og lífríki Minnivallalækjar í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur.

### Lýsing á aðstæðum og áhættu

Frárennslis frá fiskeldinu í Fellsmúla fer um setþró þar sem yfirfall fellur í Minnivallalæk og frárennslíð með grugginu í fellur í sérstaka belg. Starfsmenn yfirfara reglulega gildir, botnsíur og hreinsibúnað til að hindra að grugg eða dauðir fiskar fari út með frárennslis, skv. meðfylgjandi áætlun. Skólp frá starfsmannarými er leitt í rotþró.

Áætlun um verkgang við vöktun til mengunarvarnar::

- Allir dauðir fiskar eru fjarlægðir í þar til gerð ílát og síðan fargað á viðurkenndum förgunarstað.
- Ristar við útrás eru yfirfarðar hvern dag.
- Hreinsikerfi í setþró er yfirfarið hvern dag.
- Ristar í botnum kerja eru yfirfarðar hvern dag.
- Hreinsi- og kemísk efni eru geymd í sérstöðum geymslum, fjarri eldisýmum, vöskum og niðurföllum. Ekki er hreinsiefnum eða kemískum efnum hellt niður í niðurföll heldur fargað á viðurkenndum förgunarstað.
- Rotþró er tæmd þrisvar sinnum á ári af viðurkenndum aðilum.
- Allt rusl er flokkað í sérstakar tunnur og gáma sem Gámaþjónustan tæmir reglulega.
- Spilliefni, lyfjaleifar eða hvað eina sem gætu haft neikvæð áhrif á umhverfi er fargað á viðurkenndum förgunarstað.

Viðbrögð við frávikum eru þau að rekstrarstjóri stöðvarinnar setur upp áætlun þar sem þessum þáttum verðum komið í rétt horf og reynt að tryggja það að unnið sé eftir þeim leikreglum sem gilda um starfsemina.

Til að draga úr og lágmarka mögulega mengun í starfseminni sjálfri, frárennslis og áhrif á viðtaka munu starfsmenn hafa eftirfarandi þætti sérstaklega til hliðsjónar varðandi mögulega mengun:

- Díselolía fyrir rafstöð, gæta þess að ekki hellist niður og fylgjast með að tankur leki ekki.
- Rafgeymar aldrei látnir liggja úti. Öllum ónýtum rafgeymum fargað á viðurkenndum förgunarstað.
- Fóðrun samkvæmt fyrirmælum og þess gætt að umframfóðrun eigi sér ekki stað. Fóðrupokum er komið fyrir í flokkanlegu sorpi í þar til gerðum gám.
- Lyf, kemísk efni og sterk hreinsiefni geymd á öruggum stað og aldrei fargað í niðurföll.
- Lífræn mengun. Dauðir fiskar fjarlægðir í þar til gerð ílát og síðan fargað á viðurkenndum förgunarstað fyrir lífrænan úrgang. Aldrei láta dauða fiska liggja utandyra.
- Allt sorp flokkað og sorpílat lokuð.
- Hundar eða önnur dýr ekki leyfileg á starfssvæði.

Ekki er talið að bráðamengun geti orðið við fiskeldið í Fellsmúla. Aftur á móti er alltaf til staðar minniháttar mengunarhætta og eru viðbrögð við henni sett hér fram.

Efnisþættir	Lýsing	Áhætta (mikil, lítil, engin) og afleiðingar	Viðbrögð við mengun
Díselolía fyrir rafstöð	Geymd í tank 1.200 l., fjarlægð frá á er 100 m. Olútankur stendur á sérstakri þró og er staðsettur undan	Lítill. Afleiðing er staðbundin mengun. Ætti ekki hafa áhrif á	Grafa upp olúmengaðan jarðveg ef leki verður út fyrir þró.

	grunnvatnsstraumum og gæti því ekki mengað það vatn sem nýtt er til fiskeldis.	grunnvatn né eldisvatn.	Kalla eftir hreinsun á vegum Olíudreifingar. Tilkynna UST og Heilbrigðiseftirliti.
Rafgeymir frá rafstöð	Rafgeymir er geymdur inn í rafstöðvarhúsi.	Engin. Afleiðing er mjög staðbundin.	Ónýtum rafgeymum fargað á viðurkenndum förgunarstað. Ef geymasýra lekur úr geymi, grafa upp svæðið og farga jarðvegi.
Úrgangsolía	Úrgangsolía kemur frá rafstöð, í mjög litlum mæli.	Lítill. Afleiðing mjög takmörkuð og staðbundin.	Ef úrgangsolía færi í jarðveg, grafa hann upp og farga. Tilkynna til UST og Heilbrigðiseftirlits.
Fóðurleifar í frárennsli	Fóður er flutt á staðinn í pokum og geymt í lokuðu húsi. Fóður er sett á fóðraða. Fóðrarar eru stilltir m.t.t. magns fóðurs f. ákveðna stærð af fiski. Framleiðslustýringarkerfi notað.	Engin. Afleiðing er tímabundin hækkun á lífrænum gildum í frárennsli. Líkur á fóðurleifum litlar þar sem vel er haldið utan um fóðrun og frárennsli tvískipt.	Leggja mat á umfram fóður í frárennsli og ástæður þess. Athuga hvort grugg sé sjáanleg við útrás. Tilkynna til UST og Heilbrigðiseftirlits ef óeðlilegt magn lífrænna efna finnst í frárennsli eða við útrás.
Rotþró	Rotþró er fyrir frárennsli starfsmannarýmis. Hún er tæmd c.a. 2-3x á ári. Rekstrarstjóri stöðvarinnar kallar eftir tæmingu þegar þörf er á.	Lítill. Afleiðing gæti orðið kólímengun í næsta umhverfi. Litlar líkur að kólísmit berist í eldisvatn eða grunnvatn.	Ef rotþró yfirfyllist er möguleg kólímengun á svæðinu við rotþróna. Tilkynna til UST og Heilbrigðiseftirlits ef rotþró fyllist.
Seyrusöfnun	Frárennsli með gruggi fellur ekki í Minnivallalæk heldur tekið til hliðar.	Lítill. Afleiðing er hækkandi gildi lífrænna efna.	Ekki talin verða mengun út frá seyrusöfnun.
Hreinsiefni til hreinlætis	Sápa fyrir þrif. Mjög lítil notkun er á hreinsiefnum þar sem heitt vatn er nýtt til hreinsunar. Þar sem vatn er endurnýtt þarf sérstaklega gæta af magni hreinsiefna í notkun svo eldisvatn spillist ekki.	Engin. Ef ofnotkun hreinsiefna er til staðar er verið að spilla eldisvatni í endurnýtingarkerfum.	Ekki er talin verða mengun af notkun hreinsiefna í hóflegu magni.
Lyf - bætiefni	Formalín er einstaka sinnum notað og þá í mjög litlu magni. Notkun u.þ.b. 5 l á ári.	Engin. Ef formalín notkun er í miklum mæli gæti það skaðað bæði seiði og smádýr í viðtaka.	Stífar verklagsreglur um notkun formalíns.
Ljós	Lýsing eru ljóshundar yfir útikerjum og útiljós á stöðvarhúsi. Lýsing frá starfssvæði ekki meiri en frá öðrum í nágrenninu.	Engin. Afleiðing ljósmengunar aðallega vegna nággranna.	Skerma af ljóshunda yfir kerjum.

Hávaði	Dælur eru í borholum og frá þeim berst ekki hávaði. Blásarar eru í notkun. Rafstöð er staðsett í sérstöku húsi og er í gangi við rafmagnsleysi. Hávaði langt undir viðmiðunarmörkum.	Engin. Afleiðing vélarniður truflar nágranna.	Kanna hvort hægt sé að minnka nið frá blásurum.
Lykt	Lífrænn úrgangur er aldrei hafður óvarinn úti. Förgun lífræns úrgangs jafnóðum og hann verður til.	Engin. Afleiðing ýldulykt og ágangur fugla.	Breytt vinnulag starfsmanna.

## Áætlun um vöktun

Mælingar á ferskvatni við frárennslisop og þar sem frárennslid kemur út í viðtaka. Einnig tekin sýni úr Minnivallalæk í 50 m og 200 m í straumstefnu frá stöðinni. Myndir teknar við útrásarop.

Eftirfarandi verður mælt, 1 m. frá útrás:

	Viðmið	Mæling 2015, 17,19	Lýsing
Hitastigsbreyting	Max 2°C		
Súrefnismettun	Min 70%, 6 mg O <sub>2</sub> /l og 50% af tímanum >9 mgO <sub>2</sub> /l		
Sýrustig	6-9 og max breyting 0,5		
NH <sub>3</sub>	< 0,025 mg/l		
Súrefnisnotkun BOD <sub>5</sub>	Hæst 4 mg O <sub>2</sub> /l (eða hæst COD 20 mg/l)		
Fosfór (P)	7 kg/framl. tn		
Nitur (N)	20 kg/framl. tn		
HOCl	Hæst 0,004 mg/l		
Olíur, fitubrák	Ekki sjást		
Svifþörungur	Max 2 mg/l		

## Eftirfylgni

Ef heildar köfnunarefni og fosfór í sýnum mælist yfir mörkum skal mæla sérstaklega eftirfarandi efni í sýnunum: NH<sub>4</sub>-N, NO<sub>2</sub>-N, NO<sub>3</sub>-N og PO<sub>4</sub>-P.

Taka skal viðmiðunarmyndir af útrásarsvæðinu og viðtaka og sjónmat lagt á breytingar á milli ára skv. gr. 2.5. í starfsleyfi.

## Neyðaráætlun vegna óvæntar stöðvunar á rekstri

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega eru eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

**1. Lífrænn úrgangur.**

Komi til stöðvunar á rekstri verður söluhæfum fiski/seiðum komið í sölu á markaði en þeim lífræna úrgangi sem ekki tekst að selja verður fargað á viðurkenndum förgunarstað. Tryggt verður að enginn lífrænn úrgangur verði eftir í kerjum eða annarsstaðar á svæðinu. Hreinsað skal upp úr niðurföllum, úr seyrupokum og ílátum/kerjum öllum lífrænum úrgangi.

**2. Húsnæði.**

Komi til stöðvunar á rekstri verður gengið svo frá húsnæði að ekki sé hætt á að dýr eða óviðkomandi aðilar hafi aðgang að því, húsinu skal lokað vel og vandlega. Gengið verður svo frá vatni og ræsum að ekki sé hætt á mengun. Gengið svo frá rafmagni að ekki sé hætt á íkveikju.

**3. Tæki, borholur og búnaður.**

Komi til stöðvunar á rekstri verður gengið svo frá tækjum og búnaði að ekki sé fohætta af þeim né þau valdi umhverfislýti. Gengið svo frá borholum að ekki sé hætt á að eitthvað falli ofan í þær sem gæti valdið mengun.

Vatnslagnir verða tæmdar svo ekki komi til frostsKemmda og/eða vatnsleka.

**4. Efni og rekstrarvörur.**

Öllum efnum, hreinsiefnum, olíu eða hvað eina sem telst til efna og rekstravara verður fjarlæggt af staðnum ýmist skilað eða selt til notkunar annarsstaðar eða fargað á viðurkenndum förgunarstað. Tryggt verður að engin úrgangsolía verði á staðnum.

**5. Fóður**

Komi til rekstrarstöðvunar verður öllu fóðri í fóðursílóum komið í sölu og því fóðri sem ekki er hægt að koma í burtu af svæðinu til sölu verður fargað á viðurkenndum förgunarstað. Þess gætt að ekki séu fóðurleifar í fóðurkerfum.

**6. Tilkynningar.**

Komi til stöðvunar á rekstri verður hlutaðeigandi eftirlitsaðila tilkynnt um það innan mánaðar. Í slíkri tilkynningu verður sérstaklega tilkynnt um magn og förgun á lífrænum úrgangi.

## Stjórnun og skipulag

### 1. Tilkynningar

Eftirfarandi aðilar munu fá tilkynningu, allt eftir eðli frávika:

- Neyðarlínan, 112, komi til alvarlegra atvika þar sem t.d. grunur er um slys á fólki, eldsvoða eða alvarleg atvik.
- Umhverfisstofnun, UST, sími 591-2000 vegna frávika frá mengunarmörkum, stöðvun rekstrar eða annarra frávika samkvæmt viðbrags- og neyðaráætlun þessari.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, sími 480-8250 vegna frávika frá mengunarmörkum og annarra frávika samkvæmt viðbrags- og neyðaráætlun þessari.
- Stöðvarstjóri, sími 868-0049 vegna frávika samkvæmt viðbrags- og neyðaráætlun þessari.

### 2. Endurskoðun

Áætlun þessi skal endurskoðuð reglulega og Umhverfisstofnun send hún og stofnuninni tilkynnt um breytingar sem orðið hafa á henni.

### 3. Ábyrgð

Ábyrgðaraðili fyrir verkefninu þ.e. að að neyðaráætlun sé fylgt, hún sé endurskoðuð og skýrsluskilum til eftirlitsaðila er Stefanía K. Karlsdóttir, matvælafræðingur hjá Matorku ehf. Sími 862 6519, tölvupóstur [stefania@matorka.is](mailto:stefania@matorka.is).

Fellsmúla, 22. janúar 2015



Íslensk matorka ehf  
Fellsmúla  
851 Hellu